# Í tívolí





1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar,
sjá *Listi yfir lestrarbækur* á vefsíðu.

# Tívolí, tívolí

Hér er Tína sem er níu ára
og hér er Tóti sem er tíu ára.
Og hér eru amma og afi.

Tína og Tóti og amma og afi
eru að fara saman í tívolí.




Hvert eru börnin að fara?
Með hverjum eru þau?

Má ég fara í ? sagði Tóti.
Já, já, sagði afi.

Má ég ekki fara í ?
sagði Tína.
Jú, jú, sagði amma.
Hér eru 

Tóti og Tína
fá að fara í 
og 







Hvað helduðu að krakkarnir ætli að fara að gera?
En afi og amma?




Tína og Tóti fara saman í 
Æ, æ, æ, sagði amma.
Ekki fer ég í 
Ho-ho-ho og ekki ég, sagði afi.

Hefur þú farið í rússíbana? Hvernig heldurðu að það sé?




Nú fer ég í 
sagði Tóti.
Og ég fer í 
sagði Tína.

Ég vil ekki fara í 
sagði amma.
Uss, og ekki ég,
sagði afi.



Hvernig heldur þú að krökkunum í parísarhjólinu líði?

Já og jæja, sagði afi.
Núna vil ég fara í Te-hús
og fá mér te.
Og amma sagði:
Ég vil fá te og sæta 
Í Te-húsinu.




Amma fær sér te og sæta 
Og afi fær sér te og sæta 

Hvað eru amma og afi að gera?

Ú-hu-hu, ég finn ekki Tínu.
Hún er farin, volar Tóti.
Ha, er hún farin? sagði afi.
Já, ú-hu-hu, hún er farin,
volar Tóti.
Hún Tína mín, æ, æ, sagði amma.
Ég finn hana ekki,
volar Tóti.





Af hverju ætli Tóti sé svona á svipinn?

Náum í Lása 
sagði amma.

Já, náum í Lása og Tátu 
Afi nær í símann sinn.
Halló, Lási? sagði afi.
Já, halló, Lási hér, sagði Lási.

Tína á að vera hér í Tívolí
en ég sé hana ekki, sagði afi.
Táta og ég erum hér,
sagði Lási. Ég læt Tátu nasa
og finna Tínu.



Táta finnur Tínu.
Voff, voff, sagði Táta.
Ú-hu-hu, vælir Tína.

Ó, Tína mín, sagði amma sæl.
Ó, amma mín, sagði Tína sæl.

Amma, afi og Lási fá sér te.
Tína og Tóti fá ís en ekki te.
Og Táta fær 





Hvar heldur þú að myndin sé tekin?
Af hverju ætli allir séu svona glaðir?

# Notkun

## Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera sameiginlega. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

## Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu síðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að hafa lokið við að lesa bók.

## Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skrýtin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

# Í tívolí

Lestrarbók 10b

978-9979-0-2505-4

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© teikningar Halla Þórlaug Óskarsdóttir
Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2014
önnur prentun 2017
þriðja prentun 2020
Menntamálastofnun
Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

10b



# Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir
**é**, **h** og **t** æfðir sérstaklega auk orðmyndanna
**og**, **ekki**, **sagði** og **ég**.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Halla Þórlaug Óskarsdóttir.



MENNTAMÁLASTOFNUN
40246